

umfram hin árlegu tillög sín til sjóðsins. Sjóðurinn lýtur sérstakri stjórn, sbr. 3. gr. laga þessara, og starfar undir yfirumsjón ríkisstjórnarinnar.

2. gr.

Hlutverk Lánasjóðs sveitarfélaga er:

1. Að veita sveitarfélögum stofnlán til nauðsynlegra framkvæmda eða fjárfestinga, sem eru svo kostnaðarsamar, að fjár til þeirra verði ekki aflað af tekjum sveitarfélagsins, nema á löngum tíma. Enn fremur að aðstoða sveitarfélög við öflun stofnlána og hafa milligöngu um töku þeirra.
2. Að annast samninga við lánastofnanir um bætt lánakjör sveitarfélaga, sem búa við óhagstæð lánakjör og óska aðstoðar sjóðsins í þessu skyni, eða veita þeim, eftir því sem fært er, lán til greiðslu óhagstæðra lána, ef samningar takast ekki um bætt lánakjör við hlutaðeigandi lánastofnanir.
3. Að aðstoða sveitarfélög við útvegum nauðsynlegra rekstrarlána hjá bönkum og sparisjóðum.
4. Að stuðla að því að sveitarfélögin verði traustir og skilvisir lántakendur, sem þurfi ekki að setja tryggingar fyrir lánnum, sem þeim eru veitt, nema sérstaklega standi á.

3. gr.

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga skipa sjö menn, valdir eins og hér segir: Sameinað Alþingi kýs með hlutfallskosningu þrjá menn í stjórnina, fulltrúaráð Sambands íslenskra sveitarfélaga kýs aðra þrjá, ráðherra skipar einn mann, sem jafnframt er formaður sjóðsstjórnar. Varamenn skulu vera jafnmargir og valdir með sama hætti.

Kjörtímabil stjórnarinnar er fjögur ár.

4. gr.

Stjórn sjóðsins tekur ákvarðanir um allar lánveitingar úr sjóðnum og önnur verkefni sjóðsins, samkvæmt 2. gr. laga þessara.

Hún ræður sjóðnum framkvæmdastjóra, sem annast bókhald fyrir sjóðinn og daglega afgreiðslu á vegum hans eftir nánari fyrirmælum stjórnarinnar. Samþykki stjórnarinnar þarf fyrir ráðningu aðstoðarfólks. Hún ákveður laun starfsfólks í samræmi við launagreiðslur starfsmanna ríkisins, eftir því sem við getur átt.

Stjórninni er heimilt að semja við stjórn Bjargráðasjóðs Íslands um sameiginlega framkvæmdastjórn og afgreiðslu fyrir Lánasjóð sveitarfélaga og Bjargráðasjóð Íslands.

Ráðherra ákveður þóknun til stjórnarnefndarmanna fyrir störf þeirra.

Allur kostnaður við rekstur sjóðsins greiðist úr sjóðnum.

5. gr.

Árlegar tekjur Lánasjóðs sveitarfélaga eru þessar:

- a. Framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, að fjárhæð kr. 15 000 000.00.
- b. Framlag úr ríkissjóði að fjárhæð kr. 15 000 000.00.
- c. Gjöld skv. 12. gr.
- d. Vextir.

Framlög samkvæmt a- og b-liðum þessarar greinar greiðast þannig: Þriðjungur fyrir 1. maí, þriðjungur fyrir 1. september og eftirstöðvarnar fyrir 1. desember.

6. gr.

Til þess að afla sjóðnum aukins fjár til útlána er stjórn hans heimilt að gefa út skuldabréf fyrir hönd sjóðsins til sölu á innlendum lánamarkaði. Samanlagðar skuldbindingar sjóðsins vegna útgáfu verðbréfa svo og ábyrgða, samkv. 10. gr., mega ekki nema hærri fjárhæð en tvöfaldri hreinni eign hans á hverjum tíma.

Ráðherra ákveður afborgana- og vaxtakjör og gerð verðbréfa þessara í samráði við stjórn Seðlabanka Íslands, að fengnum tillögum sjóðsstjórnar.

7. gr.

Nú hyggst sveitarfélag sækja um lán úr sjóðnum, samkvæmt 2. gr. 1.—2. tl., og skal það þá senda bráðabirgðaáætlun um lánsfjárförf sína á næsta ári til sjóðsstjórnar fyrir 30. september, en endanleg umsókn ásamt gögnum þeim, sem um ræðir í 8. gr., skal send fyrir 31. janúar ár hvert.

Nú hrekkur ráðstöfunarfé sjóðsins, sbr. 5.—6. gr., ekki til þess að greiða úr lánþörfinni samkvæmt áætlun sjóðsstjórnar, og skal stjórnin þá beita sér fyrir útvegum þess fjármagns, sem á vantar, í samráði við ráðherra og stjórn Seðlabanka Íslands.

8. gr.

Sjóðsstjórnin lætur gera eyðublöð undir umsóknir um lán og aðra þá aðstoð, sem um ræðir í 2. gr. laga þessara.

Umsókn til sjóðsstjórnar skulu fylgja eftirtalin gögn:

1. Ársreikningar sveitarfélagsins fyrir síðasta reikningsár, ef fullgerðir eru, annars reikningar næstsiðasta reikningsárs.
2. Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir yfirstandandi ár.
3. Kostnaðaráætlun vegna þeirra framkvæmda eða fjárfestinga, sem um ræðir í 2. gr. 1. tl., eða greinargerð um óhagstæð lán, sbr. 2. gr. 2. tl., eða greinargerð um rekstrarlánþörf, sbr. 2. gr. 3. tl., allt eftir því sem við á.
4. Aðrar þær upplýsingar, sem sveitarstjórn telur skipta máli í sambandi við umsóknina.

9. gr.

Skilyrði fyrir því, að lán verði veitt úr Lánasjóði sveitarfélaga, eru þessi:

1. Að ársreikningar sveitarfélagsins hafi verið gerðir samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961.
2. Að fjárhagsáætlun sveitarfélagsins hafi verið gerð samkvæmt sömu lögum.
3. Að umsækjandi sé ekki í vanskilum við sjóðinn vegna eldri lána, sem veitt hafa verið.
4. Að fjárhagur sveitarfélagsins sé, að dómi sjóðsstjórnar, svo traustur, að telja megí vísa greiðslu afborgana og vaxta á umsömdum tíma, ella verði sett trygging fyrir láninu, sem sjóðsstjórn metur gilda.
5. Að sveitarfélaginu sé að dómi sjóðsstjórnar nauðsyn á umbeðnu láni að nokkru eða öllu leyti vegna framkvæmda, sem gera þarf í sambandi við þau verkefni, sem sveitarfélagið annast samkv. 10. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961, stafliðum A. og B. a., ef um er að ræða lán, samkv. 2. gr. 1. tl. þessara laga.
6. Önnur þau skilyrði, sem sjóðsstjórn kann að setja fyrir lánveitingunni.

10. gr.

Lánasjóði sveitarfélaga er heimilt að takast á hendur sjálfsskuldarábyrgð á rekstrarlánnum sveitarfélaga, sbr. 2. gr. 3. tl., og á lánnum sveitarfélaga til þess að greiða fyrir þættum lánskjörum, sbr. 2. gr. 2. tl., enda hafi hlutaðeigandi sveitarfélag þá ætíð sett tryggingu vegna ábyrgðarinnar, sem sjóðsstjórnin metur gilda, sbr. 9. gr. 4. tl.

Fjárhæð þeirra ábyrgða, sem sjóðsstjórnin tekst á hendur vegna rekstrarlána sveitarfélaga, skal háð því, hve mikið sjóðurinn á í handbæru fé. Nánari ákvæði um hlutfallið á milli handbærs fjár og samanlagðra rekstrarlánaábyrgða setur ráðherra.

11. gr.

Ríkisstjórnin ákveður vexti af lánum sjóðsins í samráði við Seðlabanka Íslands. Fjárhæð stofnlána má vera allt að 75% af áætluðu kostnaðarverði hlutaðeigandi framkvæmda sem sveitarsjóði er ætlað að leggja fram.

Sjóðsstjórnin ákveður lánstíma í hverju einstöku tilfelli, en lánstími má þó aldrei vera lengri en 20 ár.

12. gr.

Til þess að standast kostnað af rekstri sjóðsins ber sveitarfélögunum að greiða til sjóðsins eftirtalin gjöld:

1. Lántökugjald, er vera skal 1% af lánsfjárhæð þeirra lána, sem sjóðurinn veitir.
2. Gjald vegna ábyrgða þeirra, sem sjóðurinn tekst á hendur samkvæmt 10. gr. og vera skal ½% af hverri ábyrgðarfjárhæð.

Gjöld samkvæmt grein þessari skulu greidd um leið og lán er afgreitt eða ábyrgð veitt.

13. gr.

Nú vanrækir sveitarfélag greiðslu afborgana og vaxta af lánum úr sjóðnum á réttum gjalddaga, og getur ráðherra þá greitt vanskilin af framlagi hlutaðeigandi sveitarfélags úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eftir því, sem til vinnst. Sama gildir um greiðslur, sem Lánasjóður sveitarfélaga kann að hafa innt af hendi vegna ábyrgða, sem hann hefur tekizt á hendur samkvæmt 10. gr.

14. gr.

Reikningsár Lánasjóðs sveitarfélaga er almanaksárið.

Ársreikningar sjóðsins skulu gerðir fyrir janúarlok ár hvert.

Fjármálaráðherra skipar tvo endurskoðendur til þess að endurskoða reikninga sjóðsins, annan án tilnefningar, og skal hann vera löggiltur, en hinn eftir tilnefningu stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Skulu þeir hafa lokið endurskoðun reikninga sjóðsins fyrir marzlok ár hvert.

Að endurskoðun lokinni afgreiðir stjórn sjóðsins reikningana til félagsmálaráðherra, sem úrskurðar þá.

Reikninga sjóðsins skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

15. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara að fengnum tillögum sjóðsstjórnar.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1965.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga, hinn 22. ágúst 1963, flutti Gunnar Thoroddsen ráðherra ávarp og tilkynnti að hann hefði skipað nefnd „til að fjalla um lánsfjármál sveitarfélaganna.“

Þá var nefndarskipun þessi staðfest með ráðuneytisbréfi.

Í nefndina voru skipaðir:

Hjálmar Vilhjálmsson, ráðuneytisstjóri í félagsmálaráðuneytinu,

Sigtryggur Klemenzson, ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu,

Ásgrímur Hartmannsson, bæjarstjóri, Ólafsfirði,

Jón G. Mariásson, bankastjóri Seðlabanka Íslands,

Gunnlaugur Pétursson, borgarritari í Reykjavík,
 Jónas Guðmundsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga,
 og var hann jafnframt skipaður formaður nefndarinnar.

Nefndin kom saman á fyrsta fund sinn 18. marz 1964, til að skipuleggja starf sitt, og réð sér þá starfsmann, Sigurgeir Jónsson, hagfræðing Seðlabanka Íslands. Á þeim fundi var einnig ákveðið að safnað skyldi gögnum og upplýsingum erlendis frá, um það hvernig lánamálum sveitarfélaganna væri skipað í ýmsum Evrópulöndum, og skyldi starfsmaður nefndarinnar hafa samvinnu við skrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga um þá gagnasöfnun. Einnig var ákveðið að fela starfsmanni nefndarinnar að útvega ýmsar upplýsingar innanlands frá bönkum og öðrum stofnunum um skulda- og lánamál sveitarfélaga og vinna úr þeim upplýsingum, áður en nefndin kæmi aftur til starfa. Vegna veikinda formanns nefndarinnar, sem þurfti að dveljast allengi erlendis af þeim sökum, var fundum nefndarinnar frestað þar til í byrjun septembermánaðar s. l. Þá hóf nefndin störf að nýju og hefur starfað óslitið síðan. Nefndin lauk fundum og skilaði álit 20. nóvember 1964.

Viðfangsefni nefndarinnar. Samkvæmt skipunarbréfi nefndarinnar skyldi verkefni hennar vera „að rannsaka og gera tillögur um á hvern hátt rekstrar- og stofnlánþörf sveitarfélaganna verði best leyst.“

Að landslögum er sveitarfélögum, svo sem kunnugt er, falið að hafa með höndum margháttaðar framkvæmdir og veita margs konar þjónustu, sem krefst oftast mikillar fjárfestingar. Sveitarfélögin hafa einnig með höndum margvislega starfsemi, sem örðugt er að leysa af hendi nema sveitarfélögin ráði yfir allmiklu lausu fé, til þess þau geti staðið við skuldbindingar sínar á réttum tímum. Til þess að sveitarfélögin geti leyst þau verk af hendi, sem þeim eru falin, er þeim því nauðsynlegt að eiga kost á hagkvæmum lánum til fjárfestingarframkvæmda sinna, og hafa aðgang að rekstursfé í bönkum eða sparisjóðum til þess að brúa bilið þann tíma sem tekjur greiðast ekki nægilega ört til að standa undir útgjöldum. Ef hagkvæm lán eru ekki fáanleg til þeirra framkvæmda, sem sveitarfélögin eiga að annast, geta þau ekki framkvæmt það, sem þeim er falið, nema e. t. v. að einhverju leyti. Verða þá íbúarnir að fara á mis við þá þjónustu og þægindi sem sveitarfélögin eiga að veita þeim, eða viðfangsefnin verða að framkvæmast með lánum, sem eru of stutt og of dýr til þess að undir þeim verði staðið. Í sveitarstjórnarlögum, nr. 58/1961, er eftirfarandi upptalning á viðfangsefnum sveitarfélaga: Framfærslumál, barnavernd, fræðslumál, skipulags- og byggingarmál, hreinlætis- og heilbrigðismál, brunamál og eldvarnir, forðagæzla, lögreglumál, vegamál, holræsagerð, hafnargerð, vatnsveituframkvæmdir, rafveituframkvæmdir, hitaveituframkvæmdir, leikvellir, íþróttavellir o. fl.

Af þessari upptalningu er ljóst hve umfangsmikið og mikilvægt það starf er, sem sveitarfélögunum er falið, og þó ríkissjóður taki þátt í mörgum þessara verkefna og styrki þau með ýmsum hætti, hvílir þó öll framkvæmd þeirra á sveitarfélaginu og það ber ýmist allan eða mikinn meirihluta kostnaðarins við stofnun þeirra og starfrækslu.

Samkvæmt skýrslu, sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur látið gera, og legið hefur fyrir nefndinni, voru skuldir kaupstaða og kauptúna, með yfir 500 íbúa, eins og hér segir í árslok 1962:

	Sveitarsjóðir.		
	Föst lán Millj. kr.	Lausar skuldir Millj. kr.	Samtals Millj. kr.
Reykjavík	36.6	105.3	141.9
Kaupstaðir	59.2	64.5	123.7
Kauptún	25.7	7.7	33.4
Samtals	121.5	177.5	299.0

Stofnanir og fyrirtæki sveitarfélaga önnur en atvinnufyrirtæki.

	Föst lán Millj. kr.	Lausar skuldir Millj. kr.	Samtals Millj. kr.
Reykjavík	181.7	52.5	234.2
Kaupstaðir	128.8	75.3	204.1
Kauptún	44.1	16.9	61.0
Samtals	354.6	144.7	499.3

Skuldir þessar eru samtals um 798 millj. kr. Þar af eru föst lán talin vera um 476 millj. kr., en lausar skuldir rúmlega 322 millj. kr. Vitað er einnig, að verulegur hluti þeirra skulda, sem taldar eru undir „föst lán“, eru lán til fárra ára á háum vöxtum og með miklum árlegum afborgunum, sem tekin hafa verið af því hagkvæmari lán voru ekki fánleg.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagfræðideild Seðlabanka Íslands voru lán til sveitarfélaga og stofnana þeirra og fyrirtækja (annarra en atvinnufyrirtækja) í árslok 1962 eins og hér segir:

Viðskiptabankar	93.4 millj. kr.
Sparisjóðir	28.5 — —
Tryggingastofnun ríkisins	56.2 — —
Atvinnuleysistryggingasjóður	54.9 — —
Lífeyrissjóðir	20.4 — —
Brunabótafélag Íslands	39.8 — —
Önnur tryggingafélög	17.7 — —
Framkvæmdabankinn (í árslok 1963)	122.3 — —
Samtals	433.2 millj. kr.
Erlend lán	35.1 — —
Alls	468.3 millj. kr.

Hingað til hefur engri lánastofnun verið falið það hlutverk að útvega sveitarfélögunum lán til þeirra fjölbættu framkvæmda, sem þeim eru falin. Flestar eru þessar framkvæmdir þess eðlis, að þótt það kosti mikið fé að reisa þau mannvirki, sem fyrirskipuð eru, s. s. skóla, sjúkrahús, hafnargarða, íþróttavelli og sundlaugar. svo fátt eitt sé nefnt, eru eignir þessar raunverulega óveðhæfar (sbr. sveitarstjórnarlög nr. 58/1961, 11. og 82. gr.) og verða ekki taldar „örugg trygging“ fyrir lánnum. eins og á sér stað þegar um venjulegar framkvæmdir einstaklinga eða félaga er að ræða.

Af þessum ástæðum og fleirum, hafa sveitarfélögin orðið að sækja á um tryggingar fyrir lánnum sínum hjá ríkissjóði, þegar um lán til lengri tíma, vegna meiriháttar framkvæmda, er að ræða. Í hafnarlögum, vatnsveitulögum og hitaveitulögum eru ákvæði um, að ríkissjóði sé heimilt að ganga í ábyrgð fyrir sveitarfélög vegna þessara verkefna og hefur Atvinnuleysistryggingarsjóður og Framkvæmdabankinn veitt mikil lán á undanförunum árum út á ábyrgð ríkissjóðs til þeirra framkvæmda, en það er þó hvergi nærri nægilegt. Um ríkisábyrgð á lánnum til annarra framkvæmda er ekki að ræða, nema lagaheimild komi til hverju sinni. Stutt lán, sem geta greiðzt af tekjum sama árs, eða með styrkjum frá ríkissjóði, eru fánleg að einhverju leyti, en löng lán er mjög erfitt að fá.

Nefndin er sammála um, að það ástand í þessum efnum, sem nú ríkir, er með öllu óviðunandi og að einhverra ráða verður að leita nú þegar til lausnar þessu vandamáli.

Leiðir til úrlausnar. Nefndin ræddi þessi mál öll á breiðum grundvelli á mörgum fundum og komu fram tvær aðaltillögur.

Önnur var sú, að stofna bæri sérstakan sveitarfélagabanka, sem fela mætti margháttaða fyrirgreiðslu í fjármálum sveitarfélaganna og stuðlaði jafnframt að því að gera sveitarfélögin að traustum og skilvísimum viðskiptavinum við lánastofnanir og aðra, sem þau eiga skipti við. Jafnframt skyldi bankinn hafa það sem aðalhlutverk að veita og útvega sveitarfélögum stofnlán til þeirra framkvæmda, sem á þeim hvíla að lögum, og tryggja þeim sveitarfélögum, sem þess þarfnast, nauðsynleg rekstrarlán.

Hin tillagan var að komið yrði á fót stofnlánasjóði sveitarfélaga, sem hefði það hlutverk að veita hagkvæm lán til nauðsynlegra framkvæmda eða fjárfestinga, sem eru svo kostnaðarsamar, að fé til þeirra verði ekki lagt fram í einu lagi af árlegum tekjum sveitarfélagsins. Sjóðurinn yrði deild í lánastofnun eða banka, en lyti sérstakri stjórn, sem réði lánveitingum.

Um hvoruga þessa tillögu náðist samkomulag í nefndinni. Nefndarmenn urðu hins vegar fljótlega sammála um það, að hvaða leið sem farin yrði, ætti aðaltekjustofn slíkrar lánastofnunar að vera skyldusparnaður sveitarfélaga í einhverri mynd, og framlag frá ríkissjóði á móti hinu sameiginlega framlagi sveitarfélaganna.

Í nefndinni komu fram ýmsar tillögur aðrar til fjáröflunar, en um þær náðist ekki samkomulag og því verður þeirra ekki getið hér. Hér verður heldur ekki getið ýmissa annarra tillagna sem fram komu á fundum nefndarinnar, þar sem ekki náðist samkomulag um þær.

Nefndin varð loks ásátt um að fara þá millileið í tillögum sínum, að leggja til að stofna sérstakan lánasjóð sveitarfélaga, og taka þannig tillit til beggja þeirra sjónarmiða, sem fram komu í fyrrnefndum aðaltillögum, og er frumvarpið samið á þeim samkomulagsgrundvelli.

Aðalefni frumvarpsins. Samkvæmt frumvarpinu á að stofna Lánasjóð sveitarfélaga, sem starfræktur verður undir yfirumsjón ríkisstjórnarinnar. Sjóðurinn mundi væntanlega heyra undir félagsmálaráðuneytið, enda er það í beztu samræmi við þá tilhögun sem tíðkast hérlendis um hliðstæða stofnlánasjóði (sbr. Stofnlána-deild landbúnaðarins, Iðnlánasjóð, Fiskveiðasjóð o. fl.).

Hlutverk Lánasjóðs sveitarfélaga á að vera:

1. Að veita sveitarfélögum stofnlán til nauðsynlegra framkvæmda og fjárfestinga og aðstoða þau við öflun stofnlána og hafa milligöngu um töku þeirra.
2. Að annast samninga við lánastofnanir um bætt lánakjör sveitarfélaga sem búa við óhagstæð lánakjör eða veita þeim lán til greiðslu óhagstæðra lána.
3. Að aðstoða sveitarfélög við útvegum nauðsynlegra rekstrarlána hjá bönkum og sparisjóðum og ábyrgjast slík lán ef þörf krefur.
4. Að stuðla að því að sveitarfélögin verði traustir og skilvísir lántakendur sem ekki þurfi að setja tryggingar fyrir lánunum sem þeim eru veitt, nema sérstaklega standi á.

Lánasjóður sveitarfélaga er gert ráð fyrir að verði sjálfstæð stofnun, sameign ríkisins og sveitarfélaganna, sem starfi undir sérstakri stjórn. Stjórnina skulu skipa 7 menn. Þrír kosnir af Sameinuðu Alþingi, þrír af fulltrúaráði Sambands íslenskra sveitarfélaganna og einn, formaðurinn, skipaður af ráðherra.

Árlegar tekjur sjóðsins er gert ráð fyrir að verði:

Framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, 15 milljónir króna, og jafnhátt framlag úr ríkissjóði. Heimilt skal sjóðnum að gefa út skuldabréf til sölu á innlendum lánamarkaði. Vexti af lánunum sjóðsins ákveður ríkisstjórn í samráði við Seðlabanka Íslands, en lánstíma, sem lengstur má vera 20 ár, ákveður sjóðsstjórnin. Fjárhæð stofnlána má vera allt að 75% af áætluðu kostnaðarverði hlutaðeigandi framkvæmda, sem sveitarsjóði er ætlað að leggja fram.

Sjóðurinn lánar aðeins sveitarfélögum (og stofnunum þeirra og fyrirtækjum). Stefnt skal að því að sveitarfélög þurfi ekki að setja tilteknar tryggingar fyrir lánunum, sem þeim eru veitt úr sjóðnum, nema sérstakar ástæður liggja til, en ef

sveitarfélög vanrækja skuldbindingar sínar við sjóðinn getur ráðherra greitt van-
skilin af framlagi hlutaðeigandi sveitarfélags úr Jöfnunarsjóði eftir því sem til
vinnst. Sama er um ábyrgðarskuldbindingar vegna rekstrarlána.

Stjórn Sambands islenskra sveitarfélaga hefur látið taka saman og sent nefnd-
inni ýtarlega greinargerð um lánamál sveitarfélaga. Þótt nefndin í heild sé ekki
samþykk öllum tillögum stjórnar sambandsins um lausn málsins, eins og nú horfir,
er rétt að grg. þessari verði útbýtt til alþingismanna með frumvarpinu, því þar er
mikinn fróðleik að finna um þessi málefni, bæði hér á landi og erlendis, sem annars
hefði þurft að taka a. m. k. að einhverju leyti í hina almennu greinargerð með
frumvarpinu. Vísast því til greinargerðar sambandsstjórnarinnar um þau atriði.

Skal nú vikið að hinum einstöku greinum frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um nauðsyn þess að leysa lánabörf sveitarfélaganna vísast til almennu athuga-
semdanna. Með grein þessari er lagt til, að stofnaður verði Lánasjóður sveitar-
félaga. Lagt er til, að sjóðurinn verði sjálfstæð stofnun, er lúti sérstakri stjórn,
sem starfar undir yfirumsjón ríkisstjórnarinnar. Þar sem hér er um sveitarstjórn-
armál að ræða, verður það að sjálfsgöðu félagsmálaráðuneytið, sem fer með yfir-
umsjón sjóðsins í umboði ríkisstjórnarinnar. Sú skipun er í mestu samræmi við
þá venju, sem skapast hefur um sérstaka lánasjóði ýmissa atvinnugreina, sem
stofnaðir hafa verið. Má þar benda á Fiskveiðisjóð Íslands, Iðnlánasjóð, Stofnlána-
deild landbúnaðarins og Stofnlánadeild sjávarútvegsins, svo dæmi séu nefnd. Þessir
lánasjóðir lúta yfirstjórn þeirra ráðuneyta, sem fara með þau mál, sem sjóðunum
er ætlað að styðja, og yrði þá Lánasjóður sveitarfélaga engin undantekning frá
þeirri reglu.

Um 2. gr.

Í almennum athugasemdum er gerð grein fyrir því, að horfið hafi verið frá
því ráði, að stofna sveitarfélagabanka. Í raun og veru er hér lagt til, að komið
verði á fót eins konar stofnlánadeild fyrir sveitarfélögin. En stofnun þessi hafi þó
allverulega rýmra hlutverk en veitingu stofnlána, svo sem grein þessi ber með sér,
þó að ekki sé gert ráð fyrir, að hún veiti önnur lán en stofnlán. Þannig er t. d.
gert ráð fyrir því í 1. tl. greinarinnar, að stofnunin veiti sveitarfélögum aðstoð
við útvegum stofnlána hjá öðrum lánastofnunum, ef hún hefur ekki sjálf nægilegt
fjármagn til umráða. Aðstoð sú, sem gert er ráð fyrir að stofnunin veiti sveitar-
félögum í sambandi við breytt og bætt lánakjör skv. 2. tl. greinarinnar og útvegum
rekstrarlána skv. 3. tl., getur verið mikilsverð fyrir sveitarfélögin, ef stofnunin reynist
traust og áreiðanleg í samskiptum við lánastofnanir, svo að ábyrgðir, sem hún
kynni að veita til fyrirgreiðslu í þessu skyni, sbr. 10. gr. frv., yrðu metnar örugg
trygging af öðrum lánastofnunum. Þó ekki sé gert ráð fyrir því, að stofnunin veiti
önnur lán en stofnlán, virðist mega vænta þess að aðstoð sú, sem frv. heimilar
henni að veita, greiði mjög fyrir útvegum annarra lána til sveitarfélaganna.

Loks er mikilsvert ákvæði í 4. tl. greinarinnar, sem fær stofnuninni það hlutverk
að efla lántraust sveitarfélaganna með því að stuðla að því, að þau reynist skilvísir
lántakendur. Í frumvarpinu eru ýmis ákvæði, sem ætlað er að greiða fyrir því, að
þessum tilgangi verði náð. Má þar til nefna ákvæði 8. og 9. gr. um reikningsskil
sveitarfélaganna, svo sem sveitarstjórnarlög að vísu mæla fyrir um, en frv. þetta
leggur aukna áherzlu á með því að setja þau skilyrði fyrir lánnum úr sjóðnum,
að fjárhagsáætlanir og fjárreiður séu í einu og öllu samkvæmt gildandi lögum.

Eins og ákveðið er í þessum tölulíð, er takmarkið það, að sveitarfélögin verði
yfirleitt svo skilvís, að óþarft sé að krefjast trygginga fyrir þeim lánnum, sem
þeim eru veitt.

Um 3. gr.

Í 5. gr. frv. er lagt til að framlög til sjóðsins komi frá ríkissjóði og sveitar-
félögunum (Jöfnunarsjóði). Það þykir því eðlilegt, að stjórn sjóðsins verði skipuð

af ríkisvaldinu og sambandi sveitarfélaganna. Talið er nauðsynlegt, að í stjórn sjóðsins séu fulltrúar frá hinum ýmsu tegundum sveitarfélaga, (Reykjavík, kaupstaðir og stærri kaптún og önnur sveitarfélög), m. ö. o., að fulltrúar, sem fulltrúaráð Sambands íslenskra sveitarfélaga skipi, verði þeir að tölu. Lagt er til að Alþingi kjósi aðra þrjá og að ráðherra skipi oddamann, sem verði formaður sjóðsstjórnar. Stjórnin verði þannig skipuð sjö fulltrúum.

Um 4. gr.

Svo sem áður segir, er gert ráð fyrir því, að lán þau, sem veitt verða úr sjóðnum, verði aðeins stofnlán. Þykir því eðlilegt að ákveða, að sjóðsstjórn taki ákvarðanir um allar lánveitingar eins og lagt er til í 1. mgr. Sama gildir um önnur verkefni sjóðsins, svo sem ef um er að ræða ábyrgðir, sem sjóðurinn tækist á hendur, samkvæmt 10. gr. frv.

Ákvæðin í 2., 4. og 5. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Í 3. mgr. er lagt til, að sjóðsstjórn verði heimilað að semja við stjórn Bjargráðasjóðs Íslands um sameiginlega framkvæmdastjórn og afgreiðslu fyrir báða sjóðina. Bjargráðasjóður hefur nægilegt húsrými, vélar og áhöld til þess að annast störf fyrir báðar þessar stofnanir, og ekki ætti að þurfa að auka starfslið hans mikið frá því sem er, þó að Lánasjóður sveitarfélaga hlyti sína fyrirgreiðslu í samvinnu við Bjargráðasjóð. Það mælir einnig með þessari skipan, að báðum þessum stofnunum er ætlað að starfa í þágu sveitarfélaganna. Slik sameiginleg framkvæmd og afgreiðsla ætti að geta sparað verulega rekstrarkostnað þeirra.

Samkvæmt lögum nr. 41/1963 um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kaптún vegna landakaupa, er ráðuneytinu heimilt að fela lánastofnun að annast allar framkvæmdir í sambandi við lánveitingar, svo sem frágang lánskjala, innheimtu afborgana og vaxta svo og reikningshald, vegna lánanna til landakaupa. Hér er um að ræða stofnlán til sveitarfélaga, svo að ekki væri óeðlilegt að nota þessa heimild og fela Lánasjóði sveitarfélaga þetta verkefni, þegar hann er kominn á fót og þess umkominn að annast það.

Á sama hátt gæti komið til athugunar að fela Lánasjóði sveitarfélaga síðar framkvæmd og afgreiðslu fyrir Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, en störfin á vegum Jöfnunarsjóðsins eru sívaxandi með ári hverju. Þó þau hafi enn verið innt af hendi í félagsmálaráðuneytinu án aukins starfsliðs þar, má varla vænta þess að svo geti orðið miklu lengur. Þessi hugmynd verður þó varla framkvæmd án breytingar á lögum um Jöfnunarsjóðinn, sjá lög nr. 51/1964, IV. kafla.

Það virðist ekki vera tímabært, að fela Lánasjóði sveitarfélaga þau tvö verkefni, sem hér voru síðast talin, fyrr en fengin er reynsla af starfsemi sjóðsins, sem bendi til þess, að hagkvæmt sé að fela honum meðferð þessara mála.

Um 5. gr.

Lagt er til, að sveitarfélögin leggi árlega fast framlag til Lánasjóðs sveitarfélaga, sem nemur 15 millj. króna á ári. Til þess að auðvelda framkvæmd þessa atriðis virðist einfaldast að taka framlagið úr hinum sameiginlega sjóði sveitarfélaganna, Jöfnunarsjóðnum. Innheimta framlagsins hjá hverju sveitarfélagi fyrir sig mundi kosta mikla fyrirhöfn, sem sparast með því, að Jöfnunarsjóður annist greiðsluna fyrir öll sveitarfélögin.

Lagt er til, að ríkissjóður leggi sjóðnum árlega fjárhæð jafnháa framlagi sveitarfélaganna, eða 15 millj. króna. Þetta ákvæði, um stuðning ríkissjóðs, er í samræmi við stuðning hans við aðra stofnlánasjóði, sem settir hafa verið á fót.

Um 6. gr.

Þó að Lánasjóði sveitarfélaga bætist árlega verulegt fjármagn, sbr. 5. gr., til útlána, mun lánsfjárbörf sveitarfélaga ekki verða leyst með því fjármagni einu saman. Er því lagt til, að sjóðnum verði heimilað að gefa út skuldabréf til sölu

á innlendum lánamarkaði. Jafnframt er lagt til, að takmörk verði sett fyrir fjárhæð slíkra verðbréfa, sem ásamt ábyrgðum, sem sjóðurinn tekst á hendur, samkvæmt 10. gr., mega ekki fara fram úr tvöfaldri hreinni eign sjóðsins. Þannig virðist mega telja, að umrædd verðbréf verði ætíð mjög vel tryggð.

Í frv. þessu eru engin ákvæði, sem tryggt geta sölu verðbréfanna, svo að fjáröflun samkvæmt þessari grein verði talin örugg. Hins vegar er gert ráð fyrir því í 7. gr., að árlega liggi fyrir áætlun sjóðsstjórnar um lánsfjárbörf sveitarfélaganna svo tímanlega, að unnt sé að gera ráð fyrir fjáröflun til sjóðsins í framkvæmda-áætlun ríkisstjórnarinnar.

Ákvæði 2. mgr. þarfnast ekki skýringar.

Um 7. gr.

Lagt er til, að sveitarfélög, sem hyggjast fá stofnlán, eða lán til þess að breyta óhagstæðum lánum, sendi bráðabirgðaumsókn til sjóðsstjórnar eigi síðar en 30. sept. ár hvert. Endanleg umsókn með tilskildum gögnum skv. 8. gr. verði svo send fyrir 31. jan. ár hvert. Að fengnum bráðabirgðaumsóknunum, skal sjóðsstjórn meta lánsþörf hvers umsækjanda og semja áætlun um minnstu lánsþörf sveitarfélaganna á næsta ári. Þá kemur í ljós, hve mikið skortir á, að ráðstöfunarfé sjóðsins hrökkvi fyrir lánsþörfinni. Eins og að er vikið í athugasemd við 6. gr., er ætlað til, að þessi niðurstaða liggi fyrir svo tímanlega, að hægt sé að taka tillit til þessarar lánsfjárbörfar í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir næsta ár, og þess vænt, að sjóðsstjórn sjái um að svo verði gert í samráði við ríkisstjórnina og Seðla-bankann.

Um 8. gr.

Ákvæði 1. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Grein þessi hefur ekki tæmandi upptalningu þeirra gagna, sem fylgja þurfa umsókn. Hér er aðeins um að ræða frumgögn, sem óhjákvæmilega þurfa að fylgja öllum umsóknum, sem sjóðsstjórn eru send. Í sambandi við 1. tl. skal þess getið, að ef umsókn er ekki send fyrr en í janúar, geta síðustu ársreikningar naumast fylgt umsókn og verður þá að senda ársreikninga næsta árs á undan. Hins vegar verða síðustu ársreikningar að fylgja umsóknum, sem sendar eru á síðari árs-helmingi. Þá verður að gera ráð fyrir því, að auk kostnaðaráætlunar þurfi einnig að senda teikningar og verklýsingar varðandi fyrirhugaða framkvæmd.

Þau gögn, sem ekki eru talin í grein þessari, eða upplýsingar, sem ekki er óskað eftir á eyðublaði, sbr. 1. mgr., getur sjóðsstjórn að sjálfsögðu óskað eftir að fá, sbr. 9. gr. 6. tl.

Um 9. gr.

Skilyrði í 1.—2. tl. virðast sjálfsögð. Í þeim felst aðeins sú krafa, að fjárreiður sveitarfélagsins, bókhald, reikningsskil o. fl., sé lögum samkvæmt. Gildandi lögum um þessi efni er ekki bókstaflega fylgt hjá sumum sveitarfélögum. Nauðsynlegt er, að úr því fáið bætt og stuðla ákvæði þessi að því að svo verði. Það er ekki vænlegt fyrir lánastofnun að veita aðila lán, sem ekki hefur gert umsamin skil á fyrri lánum sínum við stofnunina, og sýnist því eðlilegt að setja það skilyrði fyrir nýju láni, sem felst í 3. tl. Þetta skilyrði kemur ekki í veg fyrir, að sveitarfélag, sem hefur verið í vanskilum við sjóðinn, fái lán hjá sjóðnum. Lántakandi verður hins vegar að gera skil á eldri lánum sínum hjá sjóðnum áður en hann getur fengið nýtt lán, eða a. m. k. um leið og hann fær það. Í samræmi við það markmið Lánasjóðs sveitarfélaga, sem um ræðir í 2. gr. 4. tl. þessa frv., er þess ekki skilyrðis-laust krafizt að trygging sé sett fyrir lánum. Tryggingar verður því ekki krafizt af vel stæðum sveitarfélögum, sem reynd eru að skilvísi og ráðdeild. Sjóðurinn tæki aðeins venjulegt skuldabréf fyrir lánum til slíkra sveitarfélaga. Sveitarfélög, sem ekki hafa aflað sér slíks trausts, verða aftur á móti að setja tryggingu fyrir lánum sínum, sem sjóðsstjórnin metur gilda, sbr. 4. tl. Í 5. tl. greinarinnar eru

Ákvæði um hvaða framkvæmdir það eru, sem sjóðurinn veitir stofnlán til. Í fyrsta lagi má veita slík lán til framkvæmda, sem nauðsynleg eru vegna þeirra verkefna, sem sveitarfélaginu er skylt að annast, sbr. A-lið 10. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961. Í öðru lagi er heimilt að veita lán vegna verkefna, sem ekki verður sagt, að sveitarfélagi sé bókstaflega lagalega skylt að annast, sbr. sömu lagagrein B, a. Upptalning þessa staflíðar sveitarstjórnarlaganna er ekki tæmandi. Venja hefur verið, að flest sveitarfélög hafa annast þessi verkefni að meira eða minna leyti. Sem dæmi um verkefni af þessari tegund, sem ekki er í upptalningu greinarinnar, mætti t. d. nefna íbúðabyggingar til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði, sbr. lög nr. 42/1957, 16. gr. Á hinn bóginn væri ekki heimilt að veita lán vegna verkefna, sem um ræðir í sveitarstjórnarlögunum 10. gr. staflíð B, b, svo sem lán til útgerðar eða annarra slíkra framkvæmda. Skilyrði þau, sem sett eru í 5. tl. þessarar greinar, gilda ekki um lán, sem veitt yrðu til þess að greiða óhagstæð lán, sbr. 2. gr. 2. tl. Ákvæði 6. tl. greinarinnar þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Til þess að vænta megi þess, að Lánasjóður sveitarfélaga geti orðið sveitarfélögunum að verulegu liði við útvegum rekstrarlána og lána, samkv. 2. gr. 2. tl., virðist óhjákvæmilegt að heimila sjóðsstjórn að ganga í ábyrgð fyrir slíkum lán-um. Enn fremur er hætt við því, að sú ábyrgð kæmi að litlu haldi, ef hún væri aðeins einföld ábyrgð. Er því lagt til að sjóðsstjórn fái heimild til þess að ganga í sjálfsskuldarábyrgð vegna slíkra lána, gegn sömu tryggingum og um ræðir í 9. gr. 4. tl. Ef þess verður gætt, að sjóðurinn geti ætíð staðið í skilum, ef slíkar ábyrgðir kynnu að falla á hann, mun fyrirgreiðsla hans um þessi lán reynast sveitarfélögunum hin mikilvægasta. Geti sjóðurinn hins vegar ekki staðið í skilum með ábyrgðir sínar, mun fyrirgreiðsla hans við útvegum lána reynast lítilvæg. Í 2. mgr. er því ákvæði, sem ætlað er að tryggja það, að til slíkra vanskila komi ekki af hálfu sjóðsins. Ákvæði þetta mælir svo fyrir, að sjóðurinn skuli ætíð hafa nokkurt fjármagn í handbæru fé. Lagt er til að ráðherra setji nánari ákvæði um þetta atriði með reglugerð.

Um 11. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Lagt er til að sjóðsstjórnin ákveði lánstímann, sem þó skal ekki vera lengri en 20 ár. Lánstíminn getur annars verið mjög breytilegur allt eftir því hvers konar framkvæmdir er um að ræða og eftir því hver þörf sveitarfélaganna er í hverju einstöku tilviki. Lánstíminn gæti þá verið frá 2—3 árum stytzt og allt að hámarki, 20 ár. Sem dæmi um stutt stofnlán mætti t. d. nefna vatnsveitu- eða skóla- byggingalán, sem sveitarfélag gæti tryggt með ávísun á styrk úr ríkissjóði, samkvæmt lögum um þau efni. Reynslan hefur sýnt, að ýmsum sveitarfélögum er mikil þörf á slíkum styttri lánnum. Slík lán þyrftu oft ekki að vera lengri en til 3—5 ára. Samkvæmt 2. gr. 1. tl. væri heimilt að veita slík lán.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Í 21. gr. laga nr. 51/1964 er ákvæði, sem heimilar ráðherra að halda eftir af framlagi Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaga til greiðslu ríkisábyrgða, sem fallið hafa á ríkissjóð. Með grein þessari er lagt til, að sama skuli gilda um vanskil sveitarfélaga við Lánasjóð sveitarfélaga. Ef sveitarfélag er í vanskilum í senn vegna ríkisábyrgðar og afborgana og vaxta af láni hjá sjóðnum og framlag Jöfnunarsjóðs hrekkur ekki til greiðslu á báðum stöðum, yrði það samkomulagsatriði á milli hlutaðeigandi ráðherra, hvernig með skuli fara, þar eð báðar kröfurnar væru jafnréttáar. Slík atvik gætu auðveldlega orðið, en geta tæplega valdið miklum vandræðum. Ákvæði

Þetta er afar mikilvægt fyrir hinn nýja sjóð, sem komið verður á fót með frumvarpi þessu ef að lögum verður.

Þegar þess er gætt, að eitt aðalatriði frumvarpsins er að styrkja lánstraust sveitarfélaganna, svo að trygginga verði ekki þörf fyrir lánnum til þeirra, er það mjög þýðingarmikið, að sjóðsstjórnin geti sýnt sem flestum sveitarfélögum traust með því að veita þeim lán án trygginga. Það verður mun framkvæmanleggra þegar vænta má stuðnings ráðherra á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir. En slíkt traust er hvatning fyrir sveitarfélagið til þess að reynast traustinu verðugt.

Þarfnast ekki skýringa.	Um 14. gr.
Þarfnast ekki skýringa.	Um 15. gr.
Þarfnast ekki skýringa.	Um 16. gr.

Þess skal að lokum getið, að fulltrúaráð Sambands íslenskra sveitarfélaga gerði á fundi sínum 8.—9. apríl s. l. svofellda ályktun:

„Fulltrúaráðsfundurinn væntir þess, að lagt verði fram og afgreitt á Alþingi því, er nú situr, frumvarp til laga um lánasjóð sveitarfélaga, en slíkt frumvarp hefur verið undirbúið af sérstakri nefnd, er fjármálaráðherra skipaði.“